

Fundur 21.3.2022 Samael herforingi Jahve.

Góða kvöldið.

*Já góða kvöldið, kom þú sæll.*

Ekki eru það æfinlega okkar óskir sem ráða og þá verður að fá í gegn sem óskað er og er okkur sagt að plægja jörðina með ýmsum ráðum og jafnvel meðal þeirra sem vantrúaðir eru og hefði þó ekki verið hægt að koma þeirri stríðsáætlun í gegn sem nú hefur komist til framkvæmda víða án þess að eiga einnig friðsamleg samskipti við þá sem fyrir eru og ekki eins móttækilegir eru fyrir orðinu.

Sú var tíðin að allir þegnar Herrans hlýddu og dirfðust ekki að hugsa neina þá hugsun gegn honum eða ríki hans sem síðar varð og tíðkaðist ekki aðeins á ykkar jörð heldur víðar þar sem hann hafði snert við ófullburða fræjum annarra skapara og snúið þeim á réttan veg og sett þær áætlanir í gang sem ekki stöðvaðar yrðu nema með refsiaðgerðum.

Það voru harðar reglur sem hann setti þegnum sínum og lengi vel var eftir þeim farið og akurinn grisjaður af öllum þeim engisprettum sem herjuðu á jörðina og menn biðu komu Drottins með eftirvæntingu.

En tímabil hans eru ekki skráð manningum til heilla eða þóknunar, heldur eru þau skráð í lífsins bækur himinsins og aðeins þegar honum hentar munu atburðir þeir gerast sem fyrr var um spáð að myndu gerast og er eftirvænting sumra mikil eftir þeim en kvíði annara og ekki aðeins hinna vantrúuðu heldur einnig hinna trúuðu.

Þau tímabil hafa komið í ykkar sögu þegar tak Drottins hefur svo mjög linast að hann hefur orðið úrkula vonar um að hann geti leitt þegna þá til Síon og burt frá eyðimörkum hinna vantrúuðu.

En nú eru mörg þau tæki og aðferðir notaðar sem henta nútíma ykkar til að veiða sálirnar og lítur það öðru vísi út og ætlar Herrann að fá fólk til að hugsa eina hugsun honum til dýrðar og verða það nytsamir þegar í ríki hans en ekki á óplægðum ökrum hinna mörgu ríkja óvinarins Satans.

Þeir sem bitu af epli skilningstrésins munu ekki verða Drottins börn hlýðin og verður að leyfa þeim að vera á því stigi, fyrst ekki verður það aftur tekið og ekki vildi Drottinn glepja fólk með vísdomi sem það hafði ekkert að gera með.

Er þetta löng saga og veit ég ekki hvort mér er ætlað að fara mikið meira nánar út í hana en þeir sem vita að sköpunarverkið er ekki andaheimar heildur jarðstjörnur og efni, verða ekki leiddir aftur til Drottins með gömlum dæmisögum og öðru sem notað var fyrr á tíðum, heldur verður að fá þá til að fara í Drottins ríki með þeirra þekkingar grundvelli úr því mannkynið beit í epli skilningstrésins fyrir löngu.

Var mér ætlað að útskýra okkar hlið á málunum en má ég þó ekki fara mikið nánar út í það en er mér þó leyfilegt að svara nokkrum spurningum.

*Þú nefndir Satan hver er það? Hvað með hann?*

Samheiti yfir fjölmarga og alla óvini Herrans.

*Ert þú að tala um Æsina kannski?*

Já og fjölmarga fleiri. Alla sem standa gegn honum.

*Ætlið þið að sprengja núna? Eyða jörðinni? Er það markmiðið?*

Það er flókið en ef það gerist komum við og mætum öðrum sem koma í sama tilgangi.

*Hvað er nafn þitt?*

Samael er nafn mitt.

*Samael.*

Já.

*Varst þú uppi á jörðinni einhvern tímann?*

Ég var ekki uppi á jörðinni, ég fæddist aldrei á jörðinni en ég fylgdist með, ég var einn af herforingjum og er enn og ég, það er mikil saga flókin.

Margir herforingjar, og sinntu margvíslegum störfum til þess að áætlanir þær gengju eins og fyrirskipað var og unnum við mannvirkjagerð og erfðafræðitilraunir og fjölda margt annað.

*Eigið þið stóran þátt í þessu covid dæmi sem er búið að vera hér á jörðinni?*

Ja það er bara eitt af mörgu, ég fer ekki út í það að sinni. Það er ekki leyfilegt, ég ætla nú að kveðja og hvet ykkur til að íhuga hollnustuna við Drottinn, verið þið sælir.

*Blessaður*

*Vertu blessaður og gangi ykkur allt í óhag.*